

Sjálfviljug innköllun á takmörkuðu upplagi af Stella Artois

Innköllun á takmörkuðu upplagi af Stella Artois 330 ml í glerflösku

Reykjavík 3.apríl 2018

Vínnes ehf., dreifingaraðili Stella Artois frá brugghúsi AB InBev í Belgíu ákvað í dag að innkalla takmarkað upplag af Stella Artois í 330 ml. glerflösku. Innköllunin nær til takmarkaðs upplags af bjórnum sem var í sölu um mitt ár 2017. Innköllunin er sjálfviljug og tilkomin vegna þess að mjög takmarkað upplag framleiðslunnar gæti mögulega hafa innihaldið smáar gleragnir og uppfylla þannig ekki gæðastaðla Stella Artois. Vínnes ehf. ítrekar að allar birgðir Stella Artois sem í dag eru til sölu í Vínbúðum uppfylla ströngustu gæðastaðla og falla ekki undir innköllunina.

Þar sem gæði Stella Artois eru okkar helsta forgangsatriði og sem varúðarráðstöfun til að tryggja öryggi neytenda, er ákveðið að innkalla takmarkaða framleiðslu á Stella Artois 330 ml. í glerflösku. Innköllunin er sjálfviljug og takmörkuð við upplag af gleri framleitt af þriðja aðila fyrir Stella Artois. Innköllunin nær einungis til 5,34% þess magns sem selt er af Stella Artois í glerflöskum árlega á Íslandi, og einungis mjög takmarkaður fjöldi af innkölluðum glerflöskum gæti mögulega innihaldið gleragnir.

Innköllunin var ákveðin eftir uppgötvun á galla í pökkunarferli á 330 ml. gleri, sem getur mögulega orsakað að smáar gleragnir brotni úr flöskunni og geta mögulega fallið í bjórinn. Þær flöskur sem geta hugsanlega fallið undir framleiðslugallann voru framleiddar af þriðja aðila sem er einn af fjölmörgum birgjum AB InBev á gleri til útflutnings.

Bjórinn sem fellur undir innköllunina á Íslandi er Stella Artois í 330 ml. glerflösku með ákveðna **best fyrir dagsetningu**, ákveðinn **pökkunar kóða** og ákveðinn **tímastimpil**, sjá upplýsingar í lista hér að neðan. Upplýsingar um hvort gler í þinni eigu falli undir þessa framleiðslu má finna á bakmerki Stella Artois í 330 ml. gleri. Hér að neðan eru myndir sem sýna nákvæma staðsetningu framleiðslu númeranna og hvernig á að meta upplýsingarnar.

“Öryggi viðskiptavina okkar er okkar helsta forgangsmál. Jafnvel þótt fjöldi glerflaskna sem mögulega fellur undir gallann sé mjög lítil, þá viljum við innkalla Stella Artois í 330 ml. glerflöskum sem varúðarráðstöfun” sagði Christina Choi aðstoðarforstjóri Stella Artois, *“Sérfræðingar okkar hafa verið að vinna með viðkomandi framleiðanda glerflaskna til að tryggja að komið hafi verið í veg fyrir þennan galla.”*

Neytendur sem eiga Stella Artois 330 ml. í glerflösku með framleiðslunúmerunum sem tilgreind eru hér að neðan og fellur undir innköllunina eru hvattir til þess að neyta bjórsins ekki, né heimila öðrum neyslu á honum, heldur skila til næstu vínbúðar ÁTVR og fá söluandvirðið endurgreitt.

Eins er hægt að skila vörum til Vínnes ehf., Skútuvogi 1F, 104 Reykjavík. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 580 3800 og í gegnum netfangið info@vinnes.is.

FRAMLEIÐSLUNÚMER STELLA ARTOIS 330 ML GLERFLASKNA SEM FALLA UNDIR INNKÖLLUN

Neytendur og aðrir viðskiptavinir geta fylgt þessum skrefum til að meta hvort Stella Artois í 330 ml. gleri falli undir þessa sjálfviljuga innköllun.

1. Er best fyrir dagsetning (best before date) glersins önnur þeirra sem eru í listanum hér að neðan?

Land	Best fyrir dags.	Pökkunarnúmer	Tímastimpill
Ísland	20/5/18	49	8:00-23:59
Ísland	21/5/18	49	0:00-1:00


2. Ef best fyrir dagsetningin passar, er pökkunarnúmerið það sama og á listanum hér að ofan?
3. Ef bæði best fyrir dagsetningin og pökkunarnúmerið er það sama og í listanum, er tímastimpillinn innan bilsins í listanum?

Hvernig á að finna upplýsingarnar á glerinu

Framleiðslunúmerin eru í tveimur línum:

Fyrri línan er Best Fyrir Dagsetning og lesist dagur/mánuður/ár
01/02/2019 = 1 Febrúar 2019

Seinni línan er pökkunarnúmer og tímastimpill.
Pökkunarnúmerið mun innihalda númerin 49, 52 eða 55
Næstu fjórir tölustafir er tímastimpillinn, lesist klst:mín



Ertu með lokaðan kassa? Hvernig á að lesa upplýsingarnar af kassa:

Ef þú ert með ópnaðan kassa af Stella Artois, eru upplýsingarnar sem þú átt að leita að á einni hlið kassans:

Framleiðslunúmerin á kassanum eru í tveimur línum:

Fyrri línan er Best Fyrir Dagsetning og lesist dagur/mánuður/ár
01/02/2019 = 1 Febrúar 2019

Seinni línan er pökkunarnúmer og tímastimpill
Pökkunarnúmerið mun innihalda númerin 49, 52 eða 55
Næstu fjórir tölustafir er tímastimpillinn, lesist klst:mín

